

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Guðlaug Einarsdóttir <gudlaug.einarsdottir@hrn.is>
Sent: þriðjudagur, 4. ágúst 2020 11:28
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Cc: elsa.fridfinnsdottir@hrn.is
Subject: Svar HRN við erindi Dalabyggðar varðandi fjölgun hjúkrunarrýma og rekstur Silfurtúns.

Tilvísun í mál: HRN20070135

Sveitarfélagið Dalabyggð
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Dalabyggðar dags. 30. júlí sl. varðandi fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu Silfurtúni og afstöðu ráðherra til flutnings rekstrar heimilisins til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Forgangsröðun fjölgunar hjúkrunarrýma á heilbrigðisumdæmi er metin út frá mestri þörf fyrir þjónustuna sem heilbrigðisráðuneytið hefur gert greiningu á út frá ólíkum breytum, þ.m.t. biðlistum og framboði á annarri þjónustu á svæðinu sem stutt getur við sjálfstæða búsetu aldraðra. Þar má m.a. nefna framboð á heimahjúkrun heilsugæslustöðva og félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. Samkvæmt þeirri greiningu ráðuneytisins er Heilbrigðisumdæmi Vesturlands ekki fremst í þeirri forgangsröðun og fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu Silfurtúni því ekki á dagskrá. Þess má geta að vegna sérstöðu starfsemi Fellsenda, eru þau hjúkrunarrými ekki tekin inn í framboð á almennum hjúkrunarrýmum í heilbrigðisumdæminu. Sjálfsagt er að biðja Heilbrigðisstofnun Vesturlands um að endurmeta þörf fyrir heimahjúkrun á svæðinu, sé þess óskað.

Ráðherra hefur skipað verkefnastjórn í greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila og mun sá hópur skila álit sínu fyrir 1. nóvember nk., sjá frétt <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=d54bb9fa-cb3b-11ea-811a-005056bc8c60>

Í þeirri greiningu er sérstaklega litið til rekstrarafkomu lítilla hjúkrunarheimila. Niðurstaða þeirrar greiningar kann að leiða í ljós þörf fyrir breytingar á ríkjandi fyrirkomulagi rekstrar hjúkrunarheimila sem ráðherra mun þá taka afstöðu til.

Fyrir hönd ráðherra,
Guðlaug Einarsdóttir

Guðlaug Einarsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing